

Reykjavík 12. febrúar 2008

Viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndasvið  
150 Reykjavík

**Varðar: Umsögn um frumvarptil innheimtulaga, 324. mál.**

I. Athugasemdir við einstök ákvæði.

- **1. gr.** „Lög þessi gilda um innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi..... þó ekki.....innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga.“

Ljóst þarf að vera hvenær innheimta á grundvelli réttarfarslaga hefst.

Þá væri skýrara að koma inná það, t.d. í nefndaráli, að í framkvæmd er þetta þannig, a.m.k. hjá bönkum, að þetta er þrískipt innheimta, þ.e. fruminnheimta, milliinnheimta og lögfræðiinnheimta. Fruminnheimta samsvarar þá 7. gr. frumvarpsins, þ.e. send er innheimtuviðvörðun þar sem varað er við frekari innheimtuaðgerðum ef ekki greitt. Kostnaður vegna þessa er ekki mikill, almennt undir 1000 kr. fyrir ítrekunarbréf (Dæmi: Kaupþing 595 kr., Glitnir 600 kr., Landsbanki 750 kr.). Slík ítrekun er fyrst send eftir 7 daga vanskil og síðan aftur eftir 30 daga vanskil. Skuldaranum er þannig gefið færi á að koma sínum málum á hreint án mikils viðbótarkostnaðar. Milliinnheimta getur í heildina falið í sér 2 símtöl og 2 bréf með skuldaítrekun. Hún hefst ekki fyrr en liðinn er meira en mánuður frá því að fruminnheimtubréf var sent út, enda hafi ekkert verið í gert í málinu af hálfu skuldara. Kostnaður vegna fyrsta ítrekunarbréfs í milliinnheimtu hjá bönkum liggur á bilinu 3000-4000 kr. Ef ekki er greitt eftir ítrekun í síma er sent annað bréf þar sem leggjast á bilinu 5.500-6000 kr. til viðbótar á skuldara. Almennt líða um þrjár vikur á milli fyrsta og annars ítrekunarbréfs í milliinnheimtu. Það er síðan ekki fyrr en í kringum 3 mánaða vanskil sem lögfræðiinnheimta, með stórukostnaði, hefst ef skuldari hefur ekki greitt eða samið um greiðslu áður.

Það hefur sýnt sig að skuldarar þurfa mismiklar ábendingar til að greiða. Flestir þeirra sem í vanskilum lenda greiða áður en til lögfræðiinnheimtu kemur en sumir greiða ekki fyrr en gripið hefur verið til hörðustu aðgerða (lögfræðiinnheimtu). Lögfræðiinnheimta er þannig allt annars eðlis en frum- og milliinnheimta.

- **12. gr.** „...Skal fjárhæðin taka mið af þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur og hóflegur getur talist.“ ....

Hvað er hóflegur kostnaður ?

*Greinargerð: ...*

*Hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar m.a. þóknunar.....reglugerðin næði ekki fremur en lögin til aðgerða á grundvelli réttarfarslaga.... ráðherra setji ekki reglugerð nema að höfðu samráði við helstu hagsmunaaðila.*

Nánari skýringa er þörf á þessum texta..

• **16. gr. Svipting innheimtuleyfis.**

Er hægt að sækja aftur um leyfi og þá hvenær ?

**II. Almennar athugasemdir**

Kostnaður sem lagður er á kröfu í fruminnheimtu er óverulegur. Kostnaðurinn verður hins vegar verulegur þegar til lögfræðinnheimtu kemur. Hér skal aftur bent á ábendingar SFF í 1. Gr. um þrjú stig innheimtu.

Mikill kostnaður hefur verið lagður í milliinnheimtukerfi bankanna. Ástæður fyrir eflingu milliinnheimtu af þeirra hálfu eru fyrst og fremst þær að bankarnir hafa verið að auka þjónustu við viðskiptavinum sína og þannig fengið kröfur greiddar áður en til lögfræðinnheimtu kemur, sem aftur kemur viðskiptavinunum vel.

Hafa ber í huga að milliinnheimta hefur verið að skila árangri, sem m.a. sýnir sig í því að aldrei hafa verið færri mál í lögfræðinnheimtu hjá bönkunum (80-90% krafna hjá bönkum sem lentu í milliinnheimtu árið 2007 voru greiddar áður en til lögfræðinnheimtu kom). Því skiptir máli að áfram verði fýsilegt fyrir kröfuhafa að nota milliinnheimtu sem innheimtuúrræði.

Ítrekað skal að um 80-90% krafna sem fara í milliinnheimtu hjá bönkum greiðast innan 90 daga.

**III. Leið kröfu<sup>1</sup>**

Til upplýsingar er hér skema yfir leið kröfu og kostnað sem fellur á hjá tveimur bönkum:

Greiðsluseðill fyrir gjalddaga frá RB (Reiknistofu bankanna)

7 daga vanskil, ítrekun frá RB, kr. 750 / 595 / 600-

30 daga vanskil, ítrekun frá RB kr. 750 / 595 / 1.200

38 daga vanskil, milliinnheimtubréf frá banka kr. 3.750 / 3.000 / 2.750


54 daga vanskil, 1 bréf og 1-2 símhringingar kr. 5.500.- / 6.000 -

90 daga vanskil, lögfræðinnheimta

Ofangreindur kostnaður er sá sami á allar kröfur, óháður kröfufjárhæð.

Hjá Landsbankanum er lægri krafa en kr. 10.000.- ekki sett í innheimtu. Hjá Kaupþingi og Glitni er ekki lágmark.

Virðingarfyllt,



Guðjón Rúnarsson,  
framkvæmdastjóri

<sup>1</sup> Fjárhæðir í dæmum í kafla III (teknað úr verðskrá bankanna):

Fyrsta fjárhæð = Landsbanki; önnur fjárhæð = Kaupþing; þriðja fjárhæð = Glitni.